



Fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda um niðurgröft rafmagnslína í jörð (háspennu)

E 22/2021/holdbart

Borin fram af Anders Kronborg Til ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda Skrifleg fyrirspurn um niðurgröft rafmagnslína í jörð (háspennu):
Hinn 8. september 2019 beindi ég eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar: Skrifleg fyrirspurn um framþróun grænu umskiptanna (E17/2019). Fyrirspurnin varðaði meðal annars niðurgröft háspennukapla. Ég hef nú í hyggju að fylgja þessari fyrirspurn eftir. Í ljósi þessa er eftirfarandi fyrirspurn borin fram: – Hafa ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum, síðan ég bar fram fyrirspurn mína og henni var svarað, fengið rannsóknarniðurstöður eða breytt verklagi sem gerir að verkum: Að talið sé unnt að taka til við að grafa fleiri háspennukapla í jörð? – Hafa norrænu ríkin, síðan ég bar fram fyrirspurn mína, unnið að frekari línulögn þannig að komist verði hjá möstrum og sýnilegum háspennulínunum í landslaginu?
Esbjerg hinn 8. október 2021 Anders Kronborg (S)

Svar Finnlands:

Staðan í Finnlandi er óbreytt síðan árið 2019.

Svar Svíþjóðar:

Staðan í Svíþjóð er óbreytt síðan árið 2019.

Svar Noregs:

Staðan í Noregi er óbreytt síðan árið 2019.

Svar Danmerkur:

Fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda um niðurgröft rafmagnslína í jörð (háspennu)

Skrifstofa/deild
FYRIR

Dagsetning
24.11.2021

Málsnr. 2021 - 17797

/hch

Fyrirspurn: Hafa ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum, síðan ég bar fram fyrirspurn mína og henni var svarað, fengið rannsóknarniðurstöður eða breytt verklagi sem gerir að verkum: Að talið sé unnt að taka til við að grafa fleiri háspennukapla í jörð?

Energinet upplýsir að á síðastliðnum tveimur árum hafi ekki komið fram nýjar niðurstöður rannsókna eða breytt verklag, sem breyta niðurstöðum varðandi tækifæri til notkunar háspennukapla í dreifikerfinu. Energinet hefur þó á tímabilinu endurbætt þau greiningarlíkön sem notuð eru til eftirlíkingar og greiningar á þeim rafmagnshljóðum í kerfinu sem jarðstrengir geta magnað upp. Það hefur gert Energinet auðveldara fyrir með að meta hvenær og í hve miklum mæli línulögn er tæknilega möguleg.

Fyrirspurn: Hafa norrænu ríkin, síðan ég bar fram fyrirspurn mína, unnið að frekari línulögn þannig að komist verði hjá möstrum og sýnilegum háspennulínum í landslaginu?

Energinet upplýsir að hvað varðar 400 kV spennu leggi Energinet að hluta til jarðstrengi í tengslum við samþykkt 400 kV verkefni á Suður- og Vesturjótlandi, og það verkefni nær til alls 104 km af jarðstrengjum. Enn fremur hefur Energinet sótt um leyfi fyrir nýju 400 kV verkefni á svonefndu þríhyrningssvæði milli Vejlefjarðar, Koldingfjarðar og Litlabeltis sem varðar lagningu jarðstrengja á allri leiðinni sem er 25 km, en verkefnið nær til alls 50 km jarðstrengja. Loks vinnur Energinet að 400 kV fegrunarverkefnum við Årslev Engso, sem ná til lagnar jarðstrengs í stað hluta núverandi loftlínu á u.þ.b. 5 km leið (alls 10 km jarðstrengir) og sambærilegar lagnar við Kongernes Nordsjælland, en síðarnefnda verkefnið nær til lagnar jarðstrengs í stað hluta núverandi loftlínu á u.þ.b. 12 km leið (alls 24 km jarðstrengir). 132/150 kV línulögnin heldur áfram samkvæmt pólitísku samkomulagi. Energinet er ekki kunnugt um ný verkefni sem varða lagningu jarðstrengja fyrir 400 KV spennu á hinum Norðurlöndunum.

